

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/68/11

frá 29. nóvember 2005

um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja (*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 4580)

(2005/849/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 72/166/EBE frá 24. apríl 1972 um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og til að kveða á um skyldu til að viðhalda vátryggingu gagnvart slíkri ábyrgð⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 30. maí 2002 var gerður marghliða samningur, hér á eftir nefndur „samningurinn“, milli landsskrifstofa bifreiðatrygginga í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og landsskrifstofa í öðrum samstarfsríkjum. Samningurinn fylgir með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/564/EB frá 28. júlí 2003 um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja⁽²⁾ þar sem framkvæmdastjórnin ákvað hvaða dag aðildarríkin skulu hætta eftirliti með ábyrgðartryggingu ökutækja sem að öllu jöfnu eru staðsett á yfirráðasvæði eins þeirra ríkja sem hafa undirritað samninginn og heyra undir samninginn. Samningurinn hefur síðan verið rýmkaður þannig að hann taki einnig til annarra landa með samþykkt 1. viðbótar.

- 2) Hinn 26. maí 2005 skrifuðu landsskrifstofur bifreiðatrygginga í aðildarríkjunum og landsskrifstofur bifreiðatrygginga í Andorra, Króatíu, Íslandi, Noregi og Sviss undir 2. viðbót við samninginn, þannig að samningurinn tæki einnig til landsskrifstofu bifreiðatrygginga í Andorra. Í viðbótinni er kveðið á um hentugt fyrirkomulag til að fella niður tryggingaefirlit með ökutækjum sem að öllu jöfnu eru staðsett á yfirráðasvæði Andorra og heyra undir viðbótina.

- 3) Öll skilyrði eru því uppfyllt fyrir því að aðildarríkin og Andorra hætta eftirliti með ábyrgðartryggingu ökutækja sin í milli í samræmi við tilskipun 72/166/EBE.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 315, 1.12.2005, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44, 7.9.2006, bls. 6.

(¹) Stjtið. EB L 103, 2.5.1972, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/14/EB (Stjtið. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 14).

(²) Stjtið. ESB L 192, 31.7.2003, bls. 23.

Frá og með 1. janúar 2006 skulu aðildarríkin hætta eftirliti með ábyrgðartryggingu ökutækja sem að öllu jöfnu eru staðsett á yfirráðasvæði Andorra og heyra undir 2. viðbót frá 26. maí 2005 við marghliða samninginn milli landsskrifstofa bifreiðatrygginga í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og landsskrifstofa í öðrum samstarfsríkjum.

2. gr.

Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til framkvæmdar þessari ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.
